


# Seyrulosun í Grímsnes- og Grafningshreppi og Bláskógarbyggð árið 2012

## Verkstaða vika 37

Búið er að tæma þrær í landi í Hallkelshóla og neðri hluta í Klausurhólalandi, verið er að tæma í efri hluta Klausturhólalands og í Hæðarenda. Áfram verður unnið í átt að Búrfelli og bústaðir kláraðir niður að Sogsvegi.

**Verkstaða verður næst uppfærð eftir viku eða þriðjudaginn 18. sept**



Séu einhverjar ábendingar eða athugasemdir má senda tölvupóst á [borkur@gogg.is](mailto:borkur@gogg.is) eða hringja á skrifstofu Grímsnes- og Grafningshrepps í síma 486-4400.

Samkvæmt samþykktum sveitarfélaganna Grímsnes- og Grafningshrepps og Bláskógarbyggðar sér sveitarfélagið um að tæma rotþrær í sveitarfélaginu einu sinni á þriggja ára fresti.

Sveitarfélögunum er skipt í þrjú svæði og nú í ár að tæma svæði 2 (rauða svæðið) sem má sjá á ofangreindri teikningu. Hreinsitækni sem sér um seyrulosun mun byrja í maí 2012. Byrjað verður að tæma nyrst á svæðinu og svo unnið í suður. Bláir punktar sýna þrær sem hafa verið tæmdar á árinu.